

Alþingi
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. október 2015

Varðar: Framhaldsumsögn slitastjórnar SPRON vegna frumvarps til laga um tekjuskatt o.fl. (nauðasamningagerð slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja, mál nr. 172.)

Vísað er til A-liðar umsagnar SPRON, dags. 13. október sl., er varðar lögbundið hámark atkvæða eftir fjárhæðum við kosningu um frumvarp að nauðasamningi fjármálafyrirtækja í slitameðferð. Auk þess er vísað til umræðna á fundi nefndarinnar um þennan þátt frumvarpsins. Eins og segir í frumvarpinu sjálfu, þá er það áhyggjuefni hve hátt hlutfall þarf til samþykktar nauðasamningi í búum þar sem endurheimtuhlutfall er lágt. Er frumvarpinu ætlað að koma til móts við þetta og þá ríku þjóðhagslegu hagsmuni sem felast í því að slitum fjármálafyrirtækjanna verði lokið á farsælan hátt. Slitastjórn SPRON benti á í umsögn sinni, að sú staðreynd ein og sér að erfitt geti verið að tryggja fullnægjandi þátttöku kröfuhafa í atkvæðagreiðslu, gæti orðið til þess að fella frumvarp að nauðasamningi, þar sem atkvæði þeirra sem ekki láta sig atkvæðagreiðslu varða, hafa sömu áhrif og atkvæði greidd gegn nauðasamningi. Telur slitastjórn SPRON óeðlilegt að atkvæðum þeirra sem ekki láta sig fund varða, sé fengið slíkt vægi. Sjónarmið um minnihlutavernd geta tæpast réttlætt slíkt úrslitavald örmás minnihluta á kostnað yfirgnæfandi meirihluta.

Í umræðum um þetta atriði velti formaður Efnahags- og viðskiptanefndar upp þeim möguleika að einungis atkvæði þeirra sem láta sig atkvæðagreiðsluna varða geti haft áhrif við atkvæðagreiðsluna. Eins og bent var á, þá væri slík regla frábrugðin því sem almennt tíðkast við atkvæðagreiðslur um nauðasamninga. Á hinn bóginn verður að líta til þess að sértæk löggjöf gildir þegar um nauðasamninga fjármálafyrirtækja á margan hátt, þ.m.t. um atkvæðagreiðslu. Er sérstaklega vikið að þessu í frumvarpinu í tengslum við aukna minnihlutavernd. Því til viðbótar bendir slitastjórn SPRON á, að með heimild til rafrænnar atkvæðagreiðslu, sem samþykkt var af Alþingi með lögum nr. 59/2015, er það orðinn hægðarleikur fyrir kröfuhafa að taka þátt í atkvæðagreiðslu um nauðasamning, hvar svo sem þeir kunna að vera staddir. Rök um að torvelt sé að sækja fund og greiða atkvæði eiga því ekki lengur við. Í ljósi þess hve einfalt er að greiða atkvæða með þessum hætti,

eru engin rök til þess að halda fast í þá reglu að miða atkvæðagreiðsluna við heildarfjárhæð allra krafna, í stað þess að miða við fjárhæð krafna sem mætt er fyrir á fundinn. Þvert á móti verður að telja skynsamlegt að miða atkvæðagreiðsluna einungis við atkvæði þeirra sem kjósa að taka þátt í henni. Með þessu móti er hagsmuna allra aðila gætt. Sjónarmið um minnihlutavernd þeirra, sem ekki telja einu sinni ástæðu til að láta sig atkvæðagreiðslu varða, þrátt fyrir verulega einföldun við framkvæmd atkvæðagreiðslu, geta ekki réttlætt úrslitavald slíkra aðila til tjóns fyrir yfirgnæfandi meirihluta kröfuhafa.

Er því lagt til að ákvæði c-liðar 3. gr. frumvarpsins hljóði þannig:

„Í stað 12. ml. komi nýr 12. ml. sem hljóðar þannig: Frumvarp að nauðasamningi fjármálafyrirtækis telst samþykkt ef því er greitt sama hlutfall atkvæða eftir fjárhæðum krafna atkvæðismanna, *sem taka þátt í atkvæðagreiðslu*, og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt frumvarpinu, [þó að lágmarki 60 og að hámarki 85 hundraðshlutar þeirra atkvæða].“

Með þessari breytingu er fyllilega komið til móts við áhyggjur af því að ónóg fundarsókn geti orðið til þess að nauðasamningsfrumvarp hljóti ekki brautargengi, án þess að gengið sé á hagsmuni nokkurs aðila.

Til samanburðar við almennar reglur um gjaldprotaskipti má benda á 127. gr. laga um gjaldprotaskipti o.fl. nr. 21/1991, en þar er fjallað um ákvarðanatöku skiptafundar. Samkvæmt ákvæðinu er skiptafundur ályktunarfær ef hann er sóttur af þeim sem fara með *þriðjung* atkvæða m.v. fjárhæðir krafna. *Einfaldur meirihluti* atkvæðismanna sem mætir á fundinn ræður úrslitum ef ágreiningur er á meðal kröfuhafa. Þó er sá varnagli sleginn að skiptastjóri er ekki bundinn af atkvæðagreiðslu ef efni eru til að ætla að meirihlutavaldi sé misbeitt minni hlutanum til tjóns. Engar takmarkanir eru á því hve þýðingarmiklar ákvarðanir má taka á slíkum fundum.

Slitastjórn SPRON er reiðubúin að koma á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir framangreindu, ef eftir því verður óskað.

F.h. slitastjórnar SPRON

Hlynur Jónsson, hrl.

Jóhann Pétursson, hrl.